



Reykjavík, 2. júní 2026
USK26010125

Knarrarvogur 2 – vegna byggingarleyfisumsóknar

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 14. apríl 2026 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 10. mars 2026 þar sem sótt er um byggingarheimild til að fjarlægja geyma, lagnir og annað sem tilheyrir bensínstöð Atlantsolíu á lóð nr. 2 við Knarrarvog. Einnig var lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 14. apríl 2026. Erindi er nú lagt fram að nýju ásamt uppfærðri umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 2. júní 2026.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Götumynd tekin af kortasjá já.is


Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin á Knarrarvogi 2 borgarhluta 4. Laugardalur og er hluti af miðsvæði M19 – Knarrarvogur.

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Ekkert deiliskipulag er í gildi og skal grenndarkynna allar byggingarleyfis skyldar framkvæmdir. Þar sem ekki er í gildi deiliskipulag fyrir svæðið þarf að skoða erindið út frá byggðarmynstri, fagurfræðilegum áherslum og fordæmisgildi.

Umsögn

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á byggingarleyfisumsókn Atlantsolíu ehf. þar sem sótt er um leyfi til að fjarlægja geyma, lagnir og annað sem tilheyrir bensínstöð Atlantsolíu við Knarrarvog.



Afstöðumynd meðfylgjandi umsókn sýnir staðsetningu bensíndælanna á lóðinni.

Bensíndælur Atlantsolíu sem um ræðir eru staðsettar á lóðinni við Knarrarvog 2 sem er hluti af miðsvæði M19 – Knarrarvogur. Um miðsvæði M19 segir í aðalskipulagi Reykjavíkur 2040:

Einkum gert ráð fyrir verslun og þjónustu, skrifstofum, stofnunum og íbúðum, einkum á efri hæðum. Léttur iðnaður er einnig mögulegur. Hótel og gististarfsemi er heimil. Matvöruverslun er heimil.

Í aðalskipulagi segir m.a. um bensínstöðvar í kafla 19.6. Sérstök ákvæði um bensínstöðvar og orkustöðvar:

Bensínstöðvum verði markvisst fækkað innan Reykjavíkur á næstu árum, í takti við sýn Aðalskipulags Reykjavíkur um þéttari og blandaðri borgarbyggð, gæði byggðar, sjálfbæra borgarþróun, breyttar ferðavenjur og orkuskipti í samgöngum. Stefnit er að 50% fækkun dæla með jarðefnaeldsneyti fyrir árið 2025, sbr. Loftlagsstefna borgarinnar og landrýmisþörf þeirra minnki a.m.k. 50%. Markviss fækkun bensínstöðva er einnig í samræmi við Loftlagsstefnu ríkisstjórnarinnar og markmið um að nýskráning bensín og dísilbíla verði óheimil eftir 2030.

Í minnisblaði umsækjanda meðfylgjandi umsókn kemur fram að sjálfsafgreiðslustöð Atlantsolíu ehf. hafi nú þegar verið lokað og afgreiðslutæki fjarlægð. Í 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga segir:

[Þegar sótt er um byggingar- eða framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmd sem er í samræmi við aðalskipulag en deiliskipulag liggur ekki fyrir getur sveitarstjórn eða sá aðili sem heimild hefur til fullnaðarafgreiðslu mála, sbr. 6. gr., ákveðið að veita megi leyfi án deiliskipulagsgerðar ef framkvæmdin er í samræmi við landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar. Skal skipulagsnefnd þá láta fara fram grenndarkynningu. Þegar um er að ræða óverulega breytingu á



deiliskipulagi skal skipulagsnefnd láta fara fram grenndarkynningu, sbr. 2. og 3. mgr. 43. gr.]¹⁾

Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur er þó heimilt að falla frá grenndarkynningu skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga ef sýnt er fram á að breyting á deiliskipulagi eða leyfissskyld framkvæmd varði ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og/eða umsækjanda. Í tilviki þessu þar sem að umræddar bensíndætur Atlantsolíu ehf. á lóðinni við Knarrarvog 2 eru ekki í notkun og afgreiðslutæki hafa nú þegar verið fjarlægð er talið að byggingarleyfisumsókn Atlantsolíu ehf. til að fjarlægja geyma, lagnir og annað sem tilheyrir bensíndælunum, varði ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og/eða umsækjanda og því ákveðið að falla frá grenndarkynningu v. málsins. Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið þar sem það samræmist markmiðum aðalskipulags Reykjavíkur 2040 um markvissa fækkun bensínstöðva.

Niðurstaða

- Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið þar sem það samræmist markmiðum aðalskipulags Reykjavíkur sbr. umsögn.
- Ath. að ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið en ákveðið að falla frá grenndarkynningu v. erindisins sbr. umsögn.
- Ath. að förgun og meðhöndlun úrgangs skal samræmast lögum um meðhöndlun úrgangs.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Jarprúður Iða Másdóttir

verkefnastjóri



Reykjavík